

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 165/2020, um hrognkelsaveiðar árið 2020.

1. gr.

IV. tl. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innan svæðis út af Kollsvík, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 65°39,20'N - 24°29,34'V
2. 65°38,95'N - 24°18,40'V
3. 65°34,20'N - 24°22,00'V
4. 65°34,55'N - 24°27,14'V

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. mars 2020.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Erna Jónsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.